

**63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
15. júní 2019**

Þingskjal nr: 2019 - 14

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019

Staðfestir Almenn ákvæði SSÍ og reglugerðir SSÍ, með þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá Sundþingi 2017. Jafnframt felur þingið stjórn SSÍ, að uppfæra og viðhalda reglugerðum SSÍ eftir þörfum, á starfstíma sínum.

Greinargerð

Í Almennum ákvæðum voru engar efnisbreytingar gerðar, heldur var greinum ráðað á ný, reglugerðinni skipt upp í kafla, þannig að einfaldara væri að vinna eftir henni.

Aðrar reglugerðir SSÍ hafa ekki breyst, nema reglugerð um Styrktarsjóð Ólafs Þórs Gunnlaugssonar hefur verið felld úr gildi þar sem aldrei tókst að stofna þann sjóð formlega. Þess í stað hafa SSÍ og ÍF sett á stofn sameiginlegan styrktarsjóð fyrir sundfólk bæði fatlað og ófatlað. Sá sjóður ber nafn fyrrverandi formanns SSÍ og landsliðsþjálfara ÍF til marga ára, Erlings Þ Jóhannssonar. Reglugerð sjóðsins verður því bæði á ábyrgð SSÍ og ÍF. Þá liggur fyrir þessu þingi tillaga um nýja mótaröð SSÍ, sem kæmi þá inn í regluverkið.